

Nd.

304. Nefndarálit

um frumvarp til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarpi þessu var vísað til sjávarútvegsnefndar, og hefir nefndin orðið á eítt sátt um að styðja að framgangi þess.

Það ber tvímælalaust brýna nauðsyn til, að haft sje eftirlit með því, að þeir menn, sem takast á hendur vjelgæslu á skipum og bátum, fullnægi ákveðnum kröfum um þekking og leikni í meðferð oliuvjela.

Vjelbátaútgerðin hefir vaxið hröðum fetum hin síðari árin, og vjelbátanotinn er orðinn það stór, og þar af leiðandi er svo mikið í húfi, að það ríður ekki hvað minst á því, að gætt sje alls öryggis í þessu efni.

Það liðu svo þó nokkur ár, eftir að vjelbátarnir komu hjer fyrst til sögunnar, að það var mjög örðugt að fá nokkra tilsögn í meðferð oliuvjela, og urðu menn því að þreifa sig áfram í því efni upp á eigin spýtur, enda var ástandið hið versta, gangur vjelanna mjög ótryggur, og eyðilögðust þær oft á skömmum tíma af illri hirðingu og vankunnáttu í allri meðferð þeirra.

Þetta olli á tímabili miklu eignatjóni og stóð mikil hætta af því fyrir líf manna.

Við það, að Fiskifjelag Íslands setti á stofn námsskeið í meðferð oliuvjela, var mikil bót ráðin á þekkingarskortu manna í undirstöðuatriðum vjelfræðinnar.

Fræðsla sú, sem menn fengu á þessum námsskeiðum, var til mjög mikilla nota; ástandið gerbreyttist og má segja, að nú sje það frám yfir allar vonir, en skortir þó óneitanlega allmikið á, svo vel eða trygt sje. 1915 var vjelstjóraskóli Íslands stofnaður. Í þeim skóla er einungis kend gufuvjelfræði. Þeir, sem þá fræði vildu nema, urðu því, áður en sá skóli kom, að sjálfsögðu að leita náms erlendis.

Samtímis því, sem lög in um stofnun þess skóla voru samþykkt, voru og gefin út lög um atvinnu við vjelgæslu á gufuskípum.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög um stofnun mótorskóla í Reykjavík.

Sá skóli hefir að visu ekki tekið til starfa enn þá, en þess má vænta, að það líði þó ekki á löngu, að svo verði, svo mikil nauðsyn sem á því er.

En jafnframt því, sem samþ. hafa verið lög um stofnun þessa skóla, og reyndar hvort sem væri, er rjett og sjálfsagt að setja lagaákvæði um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Þó er ekki, að svo stóddu, hægt, sbr. 7. gr., að gera það að ófrávikjanlegu skilyrði fyrir því, að menn öðlist þessi rjettindi, að þeir hafi lokið prófi við mótorskólann í Reykjavík, heldur verða þau jafnframt og einkum að byggjast á því fyrst um sinn, að menn hafi tekið próf á námsskeiðum Fiskifjelags Íslands, eða þá lokið prófi við vjelstjóraskólann, auk þess sem enn minni kröfur eru látnar nægja, þegar um báta er að ræða, sem eru undir 10 smál.

Auk þess eru þau ákvæði sett í frv. þetta, að ætíð sjeu tveir vjelfróðir menn á bati eða skipi, sem er stærra en 10 smál., en þau ákvæði ná þó ekki til drattarbata og annara báta, sem sigla á höfnum inni, þó stærri sjeu.

Þetta ákvæði er mjög þarft, því oft hafa hlotist vandræði af því, að eigi hefir verið nema einn vjelfróður maður á skipi, þegar hann hefir veikst eða á einhvern hatt fallast frá og eigi getað sint starfi sínu.

Nefnin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi:

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.

Á milli orðanna »í Reykjavík« og »eða námsskeiði« komi:
sem stofnaður var með lögum nr. 13, 18. nóv. 1920.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir fullnaðarpróf fra Vjelstjóraskóla Íslands, eða skírteini sem 1. vjelstjóri samkv. 7. gr. laga frá 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskípum, og auk þess verið að minsta kosti þrjá mánuði aðstodavjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

3. Við 6. gr.

Síðasta málsgrein greinarinnar orðist svo:

Á mótorskipum með vjel yfir 150 hestófl skal vera vjelalið samkvæmt ákvæðunum í 1. málsgrein 12. gr. nefndra laga 3. nóv. 1915.

4. Við 7. gr.

Milli orðanna »Fiskifjelags Íslands« og »rjettindum sínum« komi:
eða fullnægir ákvæðum 5. gr.

Alþingi, 12. apríl 1921.

Magnús J. Kristjánsson,
formaður.

Pjetur Ottesen,
skrifari og framsögum.

Jón Baldvinsson.

Einar Þorgilsson.

Þorl. Guðmundsson.